

FRÉTTABRÉF SJÁVARKLASANS

Október 2020

Alþjóðleg verkefni

Í stefnu klasans árið 2016 ákvað samstarfsvettvangur klasafyrirtækja að herja í auknu mæli á erlenda markaði með skilaboð klasans. Hugmyndin var fyrst og fremst sú að nýta gott orðspor klasans til að kynna Ísland og íslensk fyrirtæki sem fyrirmynd annarra í ýmsum haftengdum greinum.

Alþjóðleg ráðgjafarverkefni Sjávarklasans hafa aukist verulega á undanförunum tveimur árum. Verkefnin lúta bæði að ráðgjöf varðandi eflingu nýsköpunar og klasa í haftengdum greinum og aðstoð við aðra nýsköpun eins og fullnýtingu afurða. Í því síðarnefnda hefur tengslanet klasans innanlands verið afar þýðingarmikið. Þannig hafa all nokkur samstarfsfyrirtæki klasans, m.a. í vinnslutækni og rannsóknnum, komið beint að þeim verkefnum. “Með eflingu alþjóðlegrar ráðgjafarstarfsemi klasans getum við opnað dyr fyrir okkar samstarfsfyrirtæki til þess að veita ráðgjöf, selja búnað eða fjárfesta í erlendri starfsemi,” segir Berta Daniélsdóttir framkvæmdastjóri Sjávarklasans.

Mikil spurn hefur jafnframt verið eftir kynningu á klasanum utan Íslands og hafa starfsmenn klasans haldið tugi fyrirlestra eða ávarpa á fjarfundum utan Íslands á árinu. Hér má nefna fund hjá Fisheries Council of Canada, fund norskra klasa, World Ocean Forum í Kóreu, fundi með aðilum á Kyrrahafseyjum, Nýfundnalandi, Bandaríkjunum, Færeyjum, Skotlandi og Portúgal svo nokkur lönd séu nefnd.

*Fish are food
and fashion*

“We are going to change the world with fish skin.”

Icelandic fishing industry makes
best 50% better use of the cod
catch than competitors

Fishing for innovation, Maine

Hand cream to luxury leather: Incubating ideas on
how to use fish parts

finds Iceland's got it hook

Beyond the daily catch

The Washington Times

Icelandic 'seafood silicon valley' model
goes to US

Industry to think outside the net

La. seafood industry told to think beyond daily catch

Fresh Icelandic cod gaining BILLY NUNGESSER

Getting the gear: With cod making a comeback,

TWITTER WEB CLIENT: LOOKING FORWARD TO CREATE THE

N.L. looks to Iceland for best ways to catch

Thanks to sustainable fisheries

“To come here and see how far they're advanced, it's a real eye

Færeyski sjávarklasinn



Færeyski sjávarklasinn var nýverið stofnaður og hafa Færeyski sjávarklasinn og Íslenski sjávarklasinn skrifað undir samning um samstarf klasanna. Í samningnum hyggjast klasarnir efla samvinnu sín í milli og stuðla að auknu samstarfi frændþjóðanna á öllu er við kemur bláa hagkerfinu.

Íslenski sjávarklasinn mun liðsinna Færeyska sjávarklasnum við uppbyggingu á fyrstu misserum færeyska klasans með því meðal annars að kynna hvernig klasastarfsemin hefur farið fram hérlandis og áherslur Íslenska sjávarklasans á fullvinnslu afurða, eflingu sprotafyrirtækja og nýsköpunar.

Færeyski sjávarklasinn er fimmti sjávarklasinn sem til verður utan Ísland fyrir tilstilli Íslenska sjávarklasans. Fyrir eru sjávarklasur í Maine-, Alaska, Washington- og Massachusettsfylkjum í Bandaríkjunum. Fleiri fylki í Bandaríkjunum og önnur lönd hafa sýnt því áhuga að stofna sjávarklasa að íslenskri fyrirmynd. Færeyski klasinn getur nýtt sér þetta tengslanet klasa og liðsinnt jafnframt þannig færeyskum fyrirtækjum sem hyggjast efla útrás.

Nokkur af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum Færeyja, rannsóknarmiðstöðvar og þjónustuaðilar eru nú þegar orðnir aðilar að Færeyska sjávarklasnum og samstarfsfyrirtækjum fjölgar hratt. „Við erum hæstánægð með að skrifa undir þennan samstarfssamning við Íslenska sjávarklasann. Við höfum fylgst með árangursríkri uppbyggingu hans um langt skeið og við trúum því að í samstarfi við hann og aðra sjávarklasa geti orðið til mikil verðmæti,“ segir Unn Laksá framkvæmdastjóri Sjókovin í Færeyjum.

Sjávarakademían vinsæl

Mikil ásókn hefur verið í nám hjá Sjávarakademíunni. Yfir 90 umsóknir bárust í þau 15 pláss sem í boði voru við akademíuna í haust. Það er sexfalt meira en gert hafði verið ráð fyrir við stofnun hennar fyrr á árinu.

Áhugan má rekja til vakningar á meðal ungs fólks um tækifærin í bláa hagkerfinu, umhverfismálum og sjálfbærni. Í Sjávarakademíunni hitta nemendur frumkvöðla og kynnast því hvernig þau koma hugmynd í framkvæmd.

Sjávarakademían er samstarfsverkefni Sjávarklasans og Fisktækniskólans. Akademían býður upp á nám sem stendur yfir í eina önn og er áhersla lögð á nýsköpun, sjálfbærni og tækifæri í bláa hagkerfinu. Námið fer fram í Húsi sjávarklasans á Grandanum en einnig er lögð áhersla á að nemendur fari í kynniferðir í haftengd fyrirtæki.



„Með þessu samstarfi við Sjávarklasann um Sjávarakademíuna erum við greinilega að ná betur til ungs fólks,“ segir Ólafur Jón Arnbjörnsson skólastjóri Fisktækniskólans. „Við erum líka á réttum tíma þar sem aldrei í sögunni hefur jafn mikið verið rætt um fæðuöryggi hérlandis eins og undanfarna mánuði og tækifærin í þeim efnum í hafinu við Ísland eru mikil.

Til sjávar og sveita

Tíu sprotafyrirtæki voru valin til þátttöku í viðskiptahraðalinn Til sjávar og sveita – frá hugmynd í hillu, sem leggur áherslu á sjálfbærar lausnir í landbúnaði og sjávarútvegi. Hraðallinn var stofnaður af Icelandic Startups og Sjávarklasanut.

Þau verkefni sem eru í hraðlinum núna eru:

Vegangerðin - Vegan matvörur úr nærumhverfinu

Ovis Cosmetics - Keratínframleiðsla úr hornum og klaufum sauðfjár

Broddur - Heilsuskot úr broddmjólk mjólkurkúa

Nielsen restaurant - Framleiðsla á hliðarafurðum eins og salatolía og mysukaramella

HorseDay - Stafræn þjálfunardagbók fyrir hesta

Eylíf - Heilsuvörur úr íslenskum hráefnum sem eru framleiddar með sjálfbærum hætti

Jöklavín - Íslenskur rjómalíkjör

Sauðagull - Matarafurður úr íslenskri sauðamjólk

Sælkerar - Svepparæktun og míkrogrænmeti

Marea - Framleiðsla á filmu úr sjávarþörungum í stað plasts

Yfir sjötíu umsóknir bárust í hraðalinn sem fer nú fram í annað sinn. Markmiðið er hvetja til aukinnar nýsköpunar í þessum grunnatvinnugreinum þjóðarinnar og aðstoða frumkvöðla við að byggja upp næstu kynslóð fyrirtækja með því að veita þeim faglega undirstöðu og hraða ferlinu frá því að hugmynd kviknar þar til viðskipti taka að blómstra.



**TIL SJÁVAR
OG SVEITA**
FRÁ HUGMYND Í HILLU